Þýðing Sér Tækni ehf. á ensku skjali framleiðandans, CTEK Sweden AB (dags. 31.10.2020). Ef munur er á þýðingunni og frumskjalinu gildir enska frumskjalið, sem fæst á ctek.ser.is.

CTEK Sweden AB gaf út öryggisblaðið fyrir færanlega hleðslutækið CS FREE (gerð 2005).

Vöruheiti:	CS Free (færanlegt hleðslutæki)
Gerð:	2005
Málspenna rafhlöðu:	11,1 V
Málorka:	66 Wh
USB-A:	5 V DC, 2,4 A, mest 12 W
USB-C:	5, 9, 12, 15 og 20 V DC, 3 A, mest 60 W
Hleðsluútgangur:	14,4 V DC, 20 A, mest 240 W
Hleðsluinngangur:	10-25 V DC, 5 A, mest 60 W
Þyngd:	1114,2 g
Skjalnúmer:	20023527A
Dagsetning:	31. október 2020

Athugasemd þýðanda: CTEK sendi Sér Tækni þetta öryggisblað sem öryggisblað CS FREE (40-462) í október 2026. Heimilisfang og símanúmer CTEK í kafla 1.2 eru eins og í frumskjalinu frá 2020; núverandi heimilisfang CTEK Sweden AB er Strandvägen 15, 791 42 Falun, Svíþjóð, sími +46 10 344 88 00.

LIÐUR 1: AUÐKENNI VÖRU OG FYRIRTÆKIS

1.1 Vörukenni

Vöruheiti:	CS Free (færanlegt hleðslutæki)
Gerð:	2005
Málspenna rafhlöðu:	11,1 V
Málorka:	66 Wh
Þyngd:	1114,2 g

1.2 Upplýsingar um fyrirtækið

Heiti fyrirtækis:	CTEK Sweden AB
Heimilisfang:	Rostugnsvägen 3, 776 70 Vikmanshyttan, Svíþjóð
Sími:	+4622535180
Bréfsími:	+4625530793
Vefur:	www.ctek.com
Neyðarsími:	+4622535180

Athugasemd þýðanda: Á Íslandi er neyðarnúmerið 112 og sími Eitrunarmiðstöðvar Landspítala er 543 2222.

LIÐUR 2: HÆTTUGREINING

Áhrif á heilsu

Efnin í vörunni eru í lokuðu hylki. Ekki er hætta á snertingu við þau nema rafhlaðan leki, verði fyrir miklum hita eða sé misfarið með hana vélrænt, efnislega eða rafmagnslega.

Snerting við augu:	Snerting við innihald rafhlöðunnar getur valdið mikilli ertingu.
Snerting við húð:	Snerting við innihald rafhlöðunnar getur valdið ertingu.

Innöndun: Gufa eða reykur frá mörgum lekum rafhlöðum getur ert öndunarfæri og augu. Mikill styrkur getur haft áhrif á miðtaugakerfið, svo sem höfuðverk, svima og ógleði.

Inntaka: Ekki er búist við að rafhlaða sé gleypt vegna stærðar hennar. Erting í munni og kringum munn getur orðið eftir snertingu við leka rafhlöðu.

Áhrif á umhverfið

Engin við eðlilega notkun.

Sprengihætta

Getur sprungið við hærri hita en 150 °C eða í eldi.

LIÐUR 3: SAMSETNING/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

Efni	Innihald	CAS-númer
Litíumkóbaltoxíð	25-35%	12190-79-3
Grafít	15-20%	7782-42-5
Pólývínýlídenflúoríð	1-5%	24937-79-9
Asetýlensót	0,5-3%	1333-86-4
Ál	21-23%	7429-90-5
Kopar	10-11%	7440-50-8
Litíumhexaflúorófosfat	10-15%	21324-40-3

LIÐUR 4: RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

Snerting við húð: Leki rafhlaðan og innihald hennar berst á húð skal skola með miklu hreinu vatni í að minnsta kosti 15 mínútur.

Snerting við augu: Leki rafhlaðan og innihald hennar berst í augu skal skola með miklu hreinu vatni í að minnsta kosti 15 mínútur. Leitið strax læknis.

Innöndun: Leki rafhlaðan skal fara út í ferskt loft. Leitið læknis ef erting er viðvarandi.

Inntaka: Leki rafhlaðan og innihald hennar er gleypt skal strax skola munninn og svæðið kringum hann með hreinu vatni. Leitið strax læknis til meðferðar.

LIÐUR 5: RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVISTARFA

Elds- og sprengihætta: Rafhlöður geta sprungið og losað hættulegar niðurbrotsagnir ef þær verða fyrir miklum hita, lenda í eldi, gati er stungið á þær, þær kramdar eða misfarið með þær.

Slökkviefni: Duftslökkvitæki eru áhrifaríkust gegn eldi í rafhlöðu; koltvísýringstæki duga einnig vel.

Slökkvistarf: Slökkviliðsmenn skulu nota sjálfstæðan öndunarbúnað með yfirþrýstingi og fullan hlífðarfatnað. Farið varlega þegar vatni er sprautað, því logandi brot af eldfimum ögnum geta kastast úr eldinum.

LIÐUR 6: RÁÐSTAFANIR VEGNA EFNALEKA FYRIR SLYSNI

Efnin í rafhlöðunni losna aðeins ef misfarið er með hana. Rofni rafhlaðan og leki skal safna öllum efnum sem losnuðu og eru hvorki heit né logandi í hentugt ílát fyrir úrgang, klæðast viðeigandi hlífðarfatnaði og loftræsta svæðið. Setjið í viðurkennt ílát og fargið samkvæmt reglum á staðnum.

LIÐUR 7: MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

Meðhöndlun

Séu litíumjónarafhlöður notaðar rétt eru þær öruggur og áreiðanlegur orkugjafi.

Röng notkun eða ill meðferð á rafhlöðum getur valdið leka, bruna, eldi eða sprengingu og þar með meiðslum á fólki eða tjóni á öðrum tækjum.

- Takið hleðslutækið ekki í sundur. Í því eru engir hlutir sem notandi getur gert við. Röng samsetning getur valdið raflosti eða eldhættu.
- Missið hleðslutækið ekki og forðist að það verði fyrir harkalegu höggi.
- Látið hleðslutækið ekki komast í raka, vatn, regn, snjó eða úða.
- Stingið engu inn í hluta eða op hleðslutækisins.
- Notið hleðslutækið ekki ef það hefur fengið þungt högg, dottið eða skemmst á annan hátt.
- Ofhlaðið ekki rafhlöðuna og valdið ekki skammhlaupi.
- Kremjist rafhlaða fyrir slysni svo innihald hennar losnar skal nota gúmmíhanska við meðhöndlun hluta hennar. Forðist að anda að ykkur gufu sem myndast.

Geymsla

Geymið rafhlöður aðskildar frá öðrum efnum í óbrennanlegu, vel loftræstu rými með úðakerfi og nægu bili milli veggja og rafhlöðustafla. Setjið rafhlöður ekki nálægt hitagjöfum og látið þær ekki vera lengi í beinu sólarljósi.

Notið ekki eða geymið þar sem hiti fer yfir 35 °C eða undir -20 °C. Fari hiti rafhlöðunnar yfir 60 °C losar hún eldfimar lofttegundir og vökva.

Geymið rafhlöður í upprunalegum umbúðum þar til þær eru notaðar og blandið þeim ekki saman.

Athugasemd þýðanda: Í frumskjalinu stendur „sprinkler 3-protected structure“; talan virðist vera ritvilla og orðalagið er þýtt sem rými með úðakerfi.

LIÐUR 8: VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

Engin efni losna úr vörunni við eðlilega og fyrirsjáanlega notkun. Leki, hiti, eldur eða sprenging getur orðið við ranga meðferð. Í köflum 4, 5 og 6 hér að framan eru ráðstafanir og meðhöndlun ef leki, hiti, eldur eða sprenging verður.

LIÐUR 9: EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Sjá kafla 3.

LIÐUR 10: STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

Stöðugleiki:	Varan er stöðug.
Ósamrýmanleg efni og aðstæður sem ber að varast:	Innihaldið er ósamrýmanlegt sterkum oxunarefnum og sýrum. Hitið ekki, kremjið, takið í sundur eða valdið skammhlaupi.
Hættuleg niðurbrotsefni:	Rafhlaðan getur losað ertandi lofttegund ef raflausnin lekur.
Hættuleg fjölliðun:	Engin

LIÐUR 11: EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Varan hefur enga eiturhrifaeiginleika við eðlilega notkun og meðhöndlun. Leki raflausnar vegna rangrar meðferðar losar ertandi lofttegund.

LIÐUR 12: VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Rafhlaðan inniheldur hvorki kvikasilfur, kadmíum né blý.

Látið innri hluta ekki berast út í sjó. Forðist losun í vatnsföll, skólp eða grunnvatn.

LIÐUR 13: FÖRGUN

Fyrirtæki með tilskilin leyfi og þekkingu á reglum um meðhöndlun og flutning spilliefna skulu annast förgun rafhlöðunnar.

Fyrir förgun skal tæma rafhlöðuna alveg og/eða einangra skautin svo ekki verði skammhlaup.

Rafhlaðan inniheldur endurvinnanleg efni. Við förgun skal athuga þá endurvinnslukosti sem bjóðast á staðnum, með leyfisskyldum flutningsaðila.

Athugasemd þýðanda: Í frumskjalinu er vísað til bandarískra reglna (Federal, State or Local). Á Íslandi er rafhlöðum skilað á endurvinnslustöðvar eða á sölustaði rafhlaðna.

LIÐUR 14: UPPLÝSINGAR UM FLUTNINGA

Flug: Pökkunarfyrirmæli PI965 í reglum IATA um hættulegan varning (DGR)

Sjór: Sérákvæði 188 í IMDG-kóðanum (með breytingu 39-18)

Hættuflokkur: 9

Prófunaraðferð: UN 38.3 og fallpróf úr 1,2 m hæð

UN-númer: UN 3480

Rétt sendingarheiti: Lithium Ion Batteries (Including Lithium Ion Batteries)

Sjávarmengunarvaldur: Nei

Rétta sendingarheitið er á ensku eins og í frumskjalinu. Á íslensku: litíumjónarafhlöður.

Rafhlöðurnar skulu tryggilega pakkaðar og varðar gegn skammhlaupi. Umbúðir skulu vera heilar og vel lokaðar fyrir flutning. Komið í veg fyrir að farmstaflar hrynji. Flytjið vöruna ekki með oxunarefnum eða matvælum. Flutningstæki skulu verja farminn fyrir regni og miklum hita. Í flutningum á vegum skal ekki stoppa í íbúðahverfum eða þar sem fjölmennt er.

Athugasemd þýðanda: CTEK staðfesti í október 2026 að tækin væru send með um 30% hleðslu og að einstakir sölukassar bæru ekki litíummerki.

LIÐUR 15: UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

- Reglur um flutninga: sjá kafla 14.
- Rafhlöðutilskipun 2006/66/EB og 2013/56/ESB.
- REACH-reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

LIÐUR 16: AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hönnun og samsetning vörunnar, þar með talið rafhlaðnanna, krefst sérhæfðrar færni, þekkingar og reynslu. Því er ekki mælt með því að notandi reyni sjálfur að setja vöruna saman.